



76. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn, 25. febrúar, 2004, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

1. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.
2. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
3. Bréf frá Bjarna J. Einarssyni vegna byggðakvóta.
4. Erindi frá undirbúningshópi um uppbyggingu húsdýragarðs á Blönduósi.
5. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. **Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.**
Í bréfi Heilbrigðiseftirlitsins eru samþykkt drög um hundahald á Blönduósi samkvæmt samþykkt bæjarráðs Blönduóssbæjar hinn 15. janúar 2004.
2. **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.**
Samband íslenskra sveitarfélaga stendur fyrir grunnskólapingi sveitarfélaga hinn 26. mars nk. undir yfirskriftinni: "Er grunnskólinn kominn til sveitarfélaganna?" Bréfinu er vísað til fræðslu-, íþrótt- og tómstundanefndar til frekari kynningar.
3. **Bréf frá Bjarna J. Einarssyni vegna byggðakvóta.**
Bjarni J. Einarsson fékk nýverið úthlutað 16,25 þorskígildistonnum af byggðakvóta vegna Kambanes HU-10 fiskveiðiárið 2003-2004. Í bréfi dags. 20. febrúar 2004 afsalar Bjarni sér úthlutuninni þar sem aðstæður hans hafa breyst. Bæjarráð samþykkir að úthluta þessum 16,25 þorskígildistonnum til Húna HU-62. Því nemur úthlutun til Húna HU-62 af byggðakvóta Blönduóssbæjar fiskveiðiárið 2003/2004 alls 32,5 þorskígildistonnum enda uppfyllir umsækjandi úthlutunarreglur Blönduóssbæjar.
4. **Erindi frá undirbúningshópi um uppbyggingu húsdýragarðs á Blönduósi.**
Hjörtur Karl Einarsson ritar bréf fyrir hönd undirbúningshópsins. Vill hópurinn kanna með afstöðu bæjarstjórnar með aðkomu að verkefninu og staðsetningu húsdýragarðsins á Blönduósi. Bæjarráð vísar erindi vegna staðsetningar til skipulags- og byggingarnefndar. Óskað er eftir að fulltrúar undirbúningshóps mæti á fund bæjarráðs við fyrstu hentugleika til að ræða næstu skref.
5. Önnur mál voru engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 18:35.

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)